

Fundarboð

Aðalfundur Veiðifélags Þjósár verður haldin fimmtudagskvöldið 18.júní. kl. 20.30. 2020

*Laugavegur
i Heltum*

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Bornar upp nýjar samþykktir fyrir Veiðifélag Þjósár.
3. Lögð fram tillaga að nýtingaráætlun.
4. Erindi
5. Önnur mál.

ATH. Þetta fundarboð er sent skráðum eigendum eða ábúendum hvernar jarðar og landareignar sem getið er um í samþykktum félagsins.

Séu eigendur fleiri en einn ber móttakanda fundarboðs þessa að upplýsa meðeigendur sína um að boðað hafi verið til fundarins. Eigendur komi sér saman um hver fari með umboð viðkomandi jarðar og sendi formanni Veiðifélags Þjósár upplýsingar um það eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn. Hægt er að senda þær á netfangið stodulfell@gmail.com

Nauðsynlegt er að fulltrúi hafi með sér umboð meðeigenda og afhenda á fundarstað.

Viljum minna alla veiðiréttihafa að skila veiði skýrslum til Veiðimálastofnunar á Selfossi sem allra fyrst, sama hversu mikið er veitt.

Vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórn Veiðifélags Þjósár

Samþykktir fyrir Veiðifélag Þjósár. 2019

1. gr.

Nafn félagsins er Veiðifélag Þjósár

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður félagsins er búsettur hverju sinni.

3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur og/eða ábúendur eftirfarandi jarða og landareigna, sem land eiga að eftirtöldum veiðiám samkvæmt eldri samþykktum félagsins. Félagssvæði Veiðifélags Þjósár er allt vatnasvæðið sem sjógengur fiskur kemst um það er frá sjó að Þjófafossi í Þjósárdal ásamt þverám.

Þær eru: Þjósá og þverár hennar sem eru; Kálfá, Þverá, Sandá/Hvammsá, Fossá, Steinslækur, Minnivallalækur, Skarfaneslækur, Hjallaneslækur og Kaldárholtslækur. Skulu þverár Þjósár starfa í deildum og skila veiðifélagi Þjósár arði sem stjórn veiðifélags Þjósár ákveður hverju sinni.

Jarðirnar eru:

Selpartur, Hólmasel, Traustholtshólmi, Arabær, Arabæjarhjáleiga, Krókur, Fljóthólar austurbær, Fljótshólarvesturbær, Skálmholtshraun, Skálmholt, Heiðarbær, Þjótandi, Urriðafoss, Egilsstaðir I, Egilsstaðir II, Villingarholt, Mjósund, Forsæti I, Forsæti II, Sandbakki, Ferjunes, Efri-Sýrlækur, Syðri-Sýrlækur, Egilsstaðakot, Kálfhóll I, Kálfhóll II, Skeiðháholt I, Skeiðháholt II, Skeiðháholt III, Blesastaðir I, Blesastaðir II, Votamýri I, Votamýri II, Húsatóftir I, Húsatóftir 1a, Húsatóftir II, Húsatóftir III, Reykir, Reykhóll, Reykjahlíð, Sandlækur I, Sandlækur II, Breiðanes, Sandlækjarkot, Sandlækjarkot 2, Þrándarholt, Þrándarlundur, Stöðulfell, Miðhús I, Miðhús II, Stórahof I, Stórahof II, Þrándarholt, Þrándarlundur, Stöðulfell, Miðhús I, Miðhús II, Stórahof I, Stórahof II, Minnahof, Árnes (eyja), Þjósárholt, Minni-Núpur, Stóri-Núpur I, Stóri-Núpur II, Fossnes, Hagi I, Hagi II, Melhagi, Ásólfstaðir I, Ásólfstaðir II, Skriðufell (Skógrækt ríkisins), Sandhólaferja, Háfshóll, Háfur, Háfshjáleiga, Brautartunga, Hali, Þykkvibær, Ásmúli, Hárlaugsstaðir, Borgarholt, Framnes, Ás I, Ás II, Ás III, Ás IIII, Hellnatún I, Hellnatún II, Ásmundarstaðir, Hamrahóll, Syðri-Hamrar (vesturbær), Syðri-Hamrar (austurbær), Hús I, Hús II, Bólstaður, Sel, Áshóll, Sauðholt, Efri-Hamrar, Efri-Sumarliðabær, Neðri-Sumarliðabær, Kálfholt, Krókur, Herríðarhóll, Hólmar tveir ofan Tanga, Þjósártún, Lækjartún, Hellir, Vetleifsholt I, Vetleifsholt II, Vetleifsholtspartur, Rifshalakot, Lindarbær, Akbraut, Gíslaholt, Kaldarholt, Ketilstaðir, Hagi, Saurbær, Stúfholt I, Stúfholt II, Guttormshagi, Þverlækur, Kambur, Lækur, Hjallanes I, Hjallanes II, Þúfa, Flagbjarnaholtefra, Flagbjarnaholtneðra, Mykjunes, Skammbeinsstaðir I, Skammbeinsstaðir II, Skammbeinsstaðir III, Skammbeinsstaðir IIII, Vindás, Minni-Vellir, Stóruvellir (Landgræðsla ríkisins), Hvammur frambær, Hvammur norðurbær, Hellnar, Múli, Litli-Klofi, Fellsmúli, Króktún, Skarð, Skarðsel, Yrjur, Stóriklofi, Skarfanes (Skógrækt ríkisins), Ósgröf (Landgræðslan). Galtalækur I og II

Kálfárdeild: Bólstaður, Miðhús I, Miðhús II, Stóra-Hof I, Stóra-Hof II, Eystra-Geldingaholt, Hamrar, Eystra-Geldingaholt II, Skaftholtsland (Skeiða- og Gnúpverjahreppur), Austurhlíð, Steinsholt I, Steinsholt II, Skáldabúðir, Ásar, Móar, Stóra-Mástunga I, Stóra-Mástunga II, Minni-Mástunga, Hamarsheiði I, Hamarsheiði II.

Minnivallalækur: Vindás, Minni-Vellir, Stóru-Vellir, Stóri-Klofi, Litli-Klofi, Skarð,

Fellsmúli, Múli, Hellar.

Hvammsá/Sandá: Ásólfstaðir I, Ásólfstaðir II, Ásólfstaðir III, Skriðufell (Skógræktin),

Afréttamálafélag Flóa og Skeiða.

Fossá: Þjóðlenda (Forsætisráðuneytið)

4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Ef ráðstafa skal veiði til annara en félagsmanna þarf að breyta samþykktum félagsins.

Félaginu ber að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess.

Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa sjö menn; formaður, féhirðir, ritari og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 3. gr. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl í samræmi við fjölda stjórnarmanna, þannig; tveir ganga úr eftir eitt ár, tveir ganga úr eftir tvö ár og þrír eftir þrjú ár, helst svo sama röð áfram. Einn skal koma úr Flóahrepp, einn koma úr Skeiða og Gnúpverjahrepp, einn kemur úr Rangárþingi Ytra, einn kemur úr Ásahreppi og þrír skulu kosnir óbundnir af svæðinu.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal þrjá varamenn til eins árs í senn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn skoðunarmann til vara ár hvert.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfir umsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundi. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmati ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Landbúnaðarstofnunar. Kærufrestur er þrjú mánuður frá því að ákvörðunin er tekin.

8. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skylt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eing í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók.

Á félagsfundi skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðabók.

9. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhags áætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram ársreikninga félagsins yfirfarna og áritaða af félagskjörnum skoðunarmönnum og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna óskar þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
